

# Skýrsla um störf stjórnar foreldrafélags grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla skólaárið 2023-2024

## Aðalmenn

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, formaður

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, gjaldkeri

Sigríður Rún Tryggvadóttir, ritari

Oddný Björk Daníelsdóttir, meðstjórnandi

## Varamenn

Margrét Guðjónsdóttir

Sigurveig Gísladóttir

**Fulltrúi foreldra í fjölskylduráði:** Í Múlaþingi er einn fenginn úr einu foreldrafélagi fyrir hönd allra hinna.

**Fulltrúar foreldra í skólaráði:** Aðalmenn skiptust á að mæta. Haldnir hafa verið 3 fundir til þessa.

## Foreldrafélagið hélt fundi:

- 01: 29. ágúst 2023
- 02: 2. október 2023
- 03: 12. febrúar 2024
- 04: 29. apríl 2024

## Helstu verkefni vetrarins voru:

**Félagsgjöld:** Líkt og undanfarin ár er starfsemi foreldrafélagsins fjármögnuð með félagsgjöldum og voru rukkanir sendar á hvert heimili í desember. Upphæðin hélst óbreytt á milli ára eða 2500 kr.

**Starfsáætlun:** Hefðbundin kynning á foreldrafélagi og tenglastarfi fór fram á bekkjarfundum á haustönn. Lögð var áhersla á mikilvægi tenglastarfs.

**Aðstæður í Herðubreið:** Send var fyrirspurn fyrir hönd foreldrafélagsins til verkefnastjóra framkvæmdamála, Steingrímur Jónsson, vegna ástands Herðubreiðar og vangaveltur um heilbrigði hússins. Í stuttu máli höfðu ekki borist neinar ábendingar vegna gruns um myglu en Steingrímur var tilbúinn til að koma við þegar hann ætti leið yfir í fjörðinn og skoða þetta betur með okkur. Ekki hefur enn fundist tími til þess en munum fylgja þessu eftir.

**Fræðsla:** Foreldrafélagið sendi fyrirspurn til hinna foreldrafélaga Múlaþings um það hvort áhugi væri fyrir því að sameinast um fræðslu fyrir alla skólana. Við fengum svör frá Fellaskóla og Egilsstaðaskóla

og voru þau jákvæð fyrir því. Ekki var tekin ákvörðun um fræðslu en alls kyns hugmyndir komu upp á fundum foreldrafélagsins og er stefnt að því að skipuleggja það á næsta skólaári.

**Hrekkjavökuball/ Myrkraball:** Ballið var haldið 4. nóvember í Herðubreið. Skipulag og utanumhald var í höndum foreldrafélaga grunnskóladeildar, leikskóladeildar, nemendaráðskennara (Örnu Magnúsdóttur) og nemendaráðs. Bæði foreldrafélögin lögðu til sinn hvorn 10 þúsund kallinn til að fríska upp á skreytingar. Nemendaráð sá um að kaupa skrautið. Nemendaráð og nokkrir foreldrar hjálpuðust að við að skreyta salinn. Haldin voru 3 böll: fyrir leikskólann, 1.-4. bekk og 5.-10. bekk. Nemendaráð sá um að rukka inn, spila tónlist, bjóða upp á förðun og vera með leiki og verðlaun. Nemendaráð fékk í staðinn að hirða allan aðgangseyri. Á böllum grunnskóladeildar voru foreldrar á vakt og í lokin hjálpuðust allir við að ganga frá og þrifa. Allir voru sammála um að böllin hefðu heppnast einstaklega vel og var nemendaráði hrósað sérstaklega.

**Jólafondur með listadeild og bókasafni:** Foreldrafélagið hélt jólafondur í samvinnu með bókasafninu og listadeild þann 13. desember. Boðið var upp á alls kyns pappírsfondur og ferðahópur nemenda sá um veitingar og rann allur ágóði þeirra sölu í ferðasjóð. Rukkað var 1000 kr. á fjölskyldu fyrir fondur og rann ágóðinn upp í efniskostnað. Vel var mætt og mikil gleði og skemmtileg samvera í alla staði og vilji til að endurtaka þetta fyrir næstu jól.


**Páskakanínan 2024:** Páskakanínan er árlegur viðburður sem foreldrafélagið tekur þátt í í samstarfi við kirkjuna og félagsmiðstöðina. Um er að ræða ratleik fyrir 5-10. Bekk þar sem reynir á jákvæðni og samvinnu. Leikurinn fer fram um allan bæ og fyrirtæki og fólk í samfélaginu virkjað í þrautum og verkefnum fyrir liðin. Í samtali við foreldri kom upp sú hugmynd að bjóða upp á samsvarandi prógram fyrir 1.-4. Bekk.

**Legókeppni:** Foreldrafélagið styrkti nemendahópin sem tók þátt í legókeppninni um 40 þúsund krónur.

**Vorverkadagur:** Ekki er búið að ræða það frekar.

Stjórnin þakkar foreldrum, börnum, kennurum, starfsfólki og skólastjórnendum í Seyðisfjarðarskóla fyrir þennan starfsvetur.

F.h. stjórnar Foreldrafélags grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla



---

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir,

Seyðisfirði 6. maí 2024